

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um eflingu þekkingarþorps og háskólatengdrar starfsemi í Vatnsmýri

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér er mælt fyrir tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar um eflingu þekkingarþorps og háskólatengdrar starfsemi í Vatnsmýri sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki forystu um samstarf Landspítala, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík sem hafi að markmiði að tryggja þau sóknarfæri, sem skapist með kröftugri uppbyggingu nýs Landspítala, kröftugri uppbyggingu Háskólanna og annarrar þekkingarstarfsemi í Vatnsmýri, verði nýtt til fullnustu.

Tillögunni fylgir þó nokkur greinargerð sem er seint fram komin, þannig að ég bið fundarmenn að nálgast hana sérstaklega með fundargögnum. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að það er ljóst að þróun Reykjavíkur og hvernig til tekst að nýta sóknarfærin í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins getur ráðið úrslitum um það hvernig tekst að taka viðspyrnu í atvinnumálum landsins alls og virkja þann mannauð sem hefur misst vinnu eða á það á hættu að ekki sé talað um næstu kynslóðir. Þess vegna er mikilvægt að borgarstjórn setji atvinnumálin og atvinnumálastefnuna í forgang og horfi til framtíðar í því efni. Vinna við framtíðarsýn fyrir samfélag framtíðarinnar með áherslu á nánasta umhverfi íbúa sveitarfélaganna er nú mikilvægara en nokkru sinni fyrr, því öflug og samþætt atvinnuþjónusta og búsetusvæði hringinn í kringum landið eru lífsnauðsyn, þannig að viðspyrna fái til að byggja upp eftir þau erfiðu áföll sem að ganga yfir.

Á liðnum misserum hefur Samfylkingin í borgarstjórn flutt fjölda tillagna á vettvangi borgarstjórnar, sem hljóta og verða að koma til skoðunar ekki síst í kjölfar hrunsins. Og það er ákveðið umhugsunarefni að þrátt fyrir ágætari viðtökur í þessum sal hafa þær meira eða minna verið látnar liggja á milli hluta af sitjandi meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ég minni á ýtarlega tillögu Samfylkingarinnar sem flutt var í kjölfar bankahrunsins um að eftirlit til víðtækrar stefnumótunar og samráðs við samtök í atvinnulífi og fulltrúa fyrirtækja til að skilgreina, stöðu, styrkleika og sóknarfæri atvinnulífs Reykjavíkurborgar og skilgreina hvernig Reykjavíkurborg geti stuðlað að aukinni samkeppnishæfni og uppbyggingu blómlegs atvinnulífs til skamms og langs tíma. Þess ber raunar að geta að fyrsti áfangi þess verkefnis var samþykktur, þ.e.a.s. undirbúningur

sóknaráætlunar fyrir Reykjavík, en þó er rétt að nefna í því sambandi að ekki hefur enn verið tekin afstaða til þeirra tillagna sem komu fram í henni, þótt mér teljist til að liðið sé um hálf tveggja ár síðan þær lágu fyrir.

En meðal áherslusviða sem tillaga okkar í Samfylkingunni gerði ráð fyrir, fyrir réttu ári síðan, um mótun stefnu til sóknar í atvinnumálum; voru ferðamannaborgin Reykjavík, hafnarborgin Reykjavík, heilsuborgin Reykjavík, kvikmyndaborgin Reykjavík, menningarborgin Reykjavík, orkuborgin Reykjavík, skólaborgin Reykjavík, tónlistarborgin Reykjavík, verslunarborgin Reykjavík, þekkingarborgin Reykjavík og þjónustuborgin Reykjavík. Þessari tillögu var vísað til aðgerðarhóps, en hefur í raun ekki fengið aðra afgreiðslu umfram tillögu á samþykkt um undirbúning sóknaráætlunar eins og áður er getið.

Ennþá beinna tengt við þessa tillögu sem hér er flutt eða að segja má endurflutt, var ítarleg tillaga sem var lögð fram í borgarstjórn 6. febrúar 2007, þar sem lagt var til að borgarstjórn samþykkti að beita sér fyrir uppbyggingu þekkingarklasa í Vatnsmýri í tengslum við uppbyggingu Háskólans í Reykjavík, Landspítala Háskólasjúkrahúss og svæðis Háskóla Íslands. Tillagan var í fjórum liðum:

Í fyrsta lagi að borgarstjórn lýsti stuðningi við þá yfirlýstu stefnu að flytja rannsóknastofnanir í Vatnsmýri og lýsa þannig vilja til að leggja sitt að mörkum til að hún komist þegar til framkvæmda. Í öðru lagi að gengið yrði til samstarfs við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Landspítala háskólasjúkrahús um að laða rannsóknastofnanir, þekkingarfyrirtæki og tengda starfsemi að uppbyggingarsvæðum þeirra. Í þriðja lagi að undirbúið verði sérstakt átak til að stuðla á því að rannsóknir og þróunardeildir alþjóðlegra þekkingarfyrirtækja settu sig niður í Vatnsmýri. Og í fjórða lagi að gerð verði úttekt á möguleikum þess að alþjóðleg miðstöð um þróun hreinnar orku rísi í Vatnsmýri.

Tillögunni var vísað til dómnefndar um heildarskipulag Vatnsmýrarinnar sem þá var starfandi, en hún taldi sig kannski eðli málsins samkvæmt að framkvæmd ýmissa þátta tillögunnar, þ.e.a.s. annarra þátta en því sem lyti að skipulagi, væri utan umboðs dómnefndarinnar. Ég held að þar sem að hér er verið að fjalla um lykilþátt í tillögunni sé þá rétt að rifja upp rökin sem að baki henni bjuggu. Í greinargerð tillögunnar sagði meðal annars, með leyfi forseta:

Í Vatnsmýri eiga Íslendingar einstakt tækifæri til að eignast þekkingar-, háskóla- og hátæknisamfélag á heimsmælikvarða. Með úthlutun og skipulagningu þriðja vaxtar- og þróunarsvæðisins þar fyrir Háskólann í Reykjavík, rannsóknarstofnanir og þekkingarfyrirtæki var ljóst að innan fárra ára geta á milli 20-30 þúsund einstaklingar verið við nám og störf í þekkingariðnaði, háskóla- og rannsóknarstarfsemi í Vatnsmýrinni ef rétt er á málum haldið. Tækifærið er sannarlega einstakt því með svæði þar sem nýtur sameiginlegs afls og samlegðaráhrifa Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Landspítala háskólasjúkrahús eygi Íslendingar möguleika á að eignast einstakan þekkingarklasa sem byggir á styrkleikum íslenskra rannsókna, atvinnulífs og háskóla.

Uppbygging nýs háskólasvæðis í Vatnsmýri er í fullu samræmi við þau markmið sem koma fram í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur, þar sem ás rannsókna og þekkingar er skilgreindur í norðanverðri Vatnsmýri, frá svæði Háskóla Íslands að svæði Landspítala háskólasjúkrahúss. Með breyttum forsendum landnotkunar á svæði Háskólans í Reykjavík í nágrenni flugvallarins skapast forsendur til að teygja þennan ás þekkingar til suðurs að Nauthólsvík og Öskjuhlíð. Aðalskipulagið á austur svæði Vatnsmýrarinnar var nýlega breytt eða öllu heldur 2006 breytt í þessa veru. Á því svæði eru öll skilyrði til að byggja upp öflugt háskólasamfélag sem yrði nýr vaxtarpóll á þekkingarásnum í Vatnsmýri. Með samgangi og samstarfi sín á milli eiga svæðin þrjú, skólar, stofnanir og fyrirtækjaklasar að geta skapað einstakt aðdráttarafl fyrir frekari uppbyggingu á sviði þekkingarstarfsemi.

Í greinargerðinni var síðan tæpt á þeim skrefum sem tekin höfðu verið á þessum tíma í átt til styrkingar á þekkingarklasa í Vatnsmýrinni og jafnframt því markvissa kynningarstarfi sem var efnt til í aðdraganda að staðarvali Háskólans í Reykjavík og jafnframt undirstrikað að um nokkurt skeið hafði stefnan verið tekin á opinberar rannsóknastofnanir, eins og Matvís og fleiri ættu að eiga sér stað í Vatnsmýri og flytjast þangað.

Það er skemmst frá því að segja að dampurinn hefur svolítið dottið úr þessu starfi af borgarinnar hálfu á þessu kjörtímabili. En þau tækifæri sem að þarna liggja eru ennþá til staðar. Ný undirrituð viljayfirlýsing lífeyrissjóðanna og ríkisstjórnarinnar um byggingu nýs Landspítala á áður skilgreindri lóð ætti að verða Reykjavíkurborg hvatning til að taka ákveðna forystu. Því að það er alveg ljóst að atvinnulíf framtíðarinnar, geysilega mikið af ungu og hæfileikaríku fólki bæði hér heima en líka erlendis, getur átt sér framtíðar tækifæri og framtíðar vinnustað á þessu svæði sem getur orðið þessi krítíski massi sem að við þurfum á að halda í alþjóðlegri samkeppni á sviði nýsköpunar, þekkingar og atvinnurekstrar. Þess vegna má segja að í þriðja sinn á þessu kjörtímabili sé verið að flytja keimlíka tillögu, en sannarlega af rækilega gefnu tilefni sem er tvíþætt, annars vegar hrunið og sú framtíðarsýn sem þarf að leiða fram í kjölfar þess, en hins vegar vegna

Bstj. 17. nóvember 2009

hinnar nýju viljayfirlýsingar um byggingu Landspítalans. Þá vonast ég eftir því að aukinn kraftur verði settur í þetta mál, en raunin hefur verið undanfarið á þessu kjörtímabili.

Forseti: Borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og lagt fram tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar um eflingu þekkingarþorps og háskólatengdrar starfsemi í Vatnsmýri. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um eflingu þekkingarþorps og háskólatengdrar starfsemi í Vatnsmýri

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Virðulegi forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka tillöguflytjanda, reyndar hefur málið eins og borgarfulltrúinn sem sagt sagði ítrekað verið til umræðu. Það var síðast til umræðu á vettvangi borgarráðs í síðustu viku, þar sem að lagt var fram bréf skipulagsstjóra Ólafar Örvarsdóttur, þar sem hún fór mjög vel yfir þessi mál og þá vinnu sem hefur verið í gangi á vettvangi skipulagsráðs og þau samskipti sem hennar embætti hefur verið í við uppbyggingaraðila á þessu svæði. Í því bréfi kemur einmitt fram að viljann hefur ekkert skort hjá Reykjavíkurborg, málið hefur eðlilega verið í farvegi á vettvangi ríkisvaldsins og það er rétt sem borgarfulltrúinn segir, að það er fyrst núna sem að komin er gleggri mynd af því hvað ríkisvaldið sér fyrir sér í þessari stóru og miklu uppbyggingu á þessu svæði. Og samkvæmt bréfi skipulagsstjóra og hennar útskýringum, þá er hún í góðu sambandi við þessa aðila. En það er sameiginlegt mat og aðallega þó mat þeirra sem eru hinu megin við borðið, þ.e.a.s. á vettvangi Landspítalans eða þeirra uppbyggingaraðila sem þar eru á ferðinni, að það sé ekki alveg tímabært að grípa strax til þeirra aðgerða sem borgarfulltrúinn nefnir, þrátt fyrir að ég geti vel tekið undir með honum að við eigum auðvitað að halda vel á þessum hlutum eins og öðrum, og tryggja að skipulagsvaldið sé skýrt og afdráttarlaust hjá Reykjavíkurborg í þessu verkefni. Og enn fremur nefnir borgarfulltrúinn, hann tengir þetta sóknarfæri, sem skapast með kröftugri uppbyggingu og að þekkingarstarfsemi í Vatnsmýrinni verði nýtt til fullnustu. Og það er auðvitað ekki rétt hjá borgarfulltrúanum að halda því fram að það hafi ekki verið unnið í anda þess eða í þágu þeirra markmiða á þessu kjörtímabili.

Mig langar aðeins vegna þessarar tillögu að nefna það, að í sóknaráætlun Reykjavíkurborgar, sem að hefur verið lögð fram í drögum og er núna í aðeins nánari vinnu vegna hugmyndabingsins, en þar komu menn með ákveðnar tillögur sem tengdust sóknaráætluninni, þannig að það er verið að fullvinna það. Það verður auðvitað kynnt borgarfulltrúum um leið og sú samantekt liggur fyrir. Þá er mikil áhersla lögð á það sem að sóknaráætlunarhópurinn kallaði framtíðarfólkið. Og það er unga fólk sem að við þurfum á að halda og viljum svo gjarna að verði hér í Reykjavík og tryggi öflugt og lifandi samfélag hér. Og þar eru lykilaðgerðir í þessum drögum að sóknaráætlun, að skilgreina Reykjavíkurborg sem alþjóðlega

háskólaborg og auka markvisst samstarf við Háskólana í borginni, auka val í skólastarfi og undirstrika fjölbreytni og gagnrýna hugsun og leggja áherslu á atvinnuuppbyggingu í borginni sem krefst góðrar menntunnar, sérþekkingar og hugvits, og vera þar með öflugur hvati til nýsköpunar. Allt eru þetta þættir sem við þekkjum og hljótum að vera sammála um.

Og þekkingarþorp hafa iðulega verið skilgreind sem þyrping af þekkingarfyrirtækjum sem eru staðsett í eða við háskóla og kostir þess að hafa fyrirtækin á einum stað þekkjum við öll. Og Háskóli Íslands hefur lagt fram mjög metnaðarfulla áætlun um þróun þekkingarþorps þar sem gert var ráð fyrir allt að 50 þúsund fermetrum undir þekkingartengda starfsemi og námsmannaíbúðir. Og í dag er verið að vinna að breytingum á deiliskipulagi sem er á lokametrum og það eru að mínu mati mjög mikilvægar breytingar sem að þar er verið að vinna, og ég ítreka þakki til skipulagsráðs og skipulagssviðs vegna þess. Vegna þess að það voru ákveðnir þættir í því skipulagi sem voru ekki ásættanlegir miðað við nýjar hugmyndir manna til dæmis um hæðir húsa og svona virðingu í návígi við eitt merkasta hús arkitektsins finnska hér í Vatnsmýrinni, þannig að tryggt sé að Norrænahúsið njóti sín og það höfundarverk sem þar er á ferðinni eftir Alvar Alto og það var svona ákveðna nærgætni sem skorti í fyrri tillögu, en nú er verið að vinna með og ganga frá.

Það eru auðvitað mikil tækifæri í þeirri uppbyggingu og verið að vinna að henni eins og ég sagði. Og það er ósanngjarnt að segja, finnst mér, að menn hafi ekki staðið í lappirnar hvað það varðar. Öðru nær hafa menn verið að vanda sig og tryggja að það skipulag sé eitthvað sem við getum verið stolt af og ánægð með, en það var ekki alveg þannig áður.

Við þekkjum öll þessa umræðu um staðsetningu Landspítalans á því svæði sem honum er nú ætlað og þá er auðvitað horft til nálægðar við Háskóla Íslands og þau tækifæri sem menn sáu í uppbyggingu á Vísindagörðum, en auðvitað er það svo og við munum það úr síðustu borgarstjórnarkosningum, að það voru ýmsir sem höfðu ákveðnar efasemdir um þessa staðsetningu. Sérstaklega voru það Vinstri grænir sem höfðu ákveðnar áhyggjur vegna þessarar staðsetningar, sem er auðvitað í miklu návígi við miðborgina og margir halda því fram að þetta sé ekki draumastaður fyrir svo umfangsmikla starfsemi, gæti kallað á mikla umferð og

svo framvegis. Það voru áhyggjur sem auðvitað voru ræddar, en nú hafa menn greinilega einhvern veginn ákveðið að þarna skuli þetta rísa og við auðvitað vinnum í samræmi við það og vonandi í góðu samstarfi við ríkisvaldið.

Hæstvirtur forseti, ég þarf ekki að hafa þess umræðu mikið lengri. Það er auðvitað fullt af málum sem að borgarfulltrúinn nefnir í sinni ræðu og kemur líka fram í greinargerðinni þeirra, Samfylkingarinnar það er að segja, um svæðið í kringum Háskólann, Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Og það er auðvitað rétt hjá borgarfulltrúanum að þar eru ákveðin svæði sem eru vannýtt og við getum gert betur með, en það er kannski ekki alveg, svo að maður segi nú hvern hlut eins og hann er, ekki nákvæmlega tíminn beint, þó svo að við eigum auðvitað að huga til framtíðar, þá auðvitað eru sóknarfærin breytt, en við höldum auðvitað að vinna áfram með þetta og við þekkjum öll vinnuna sem hefur átt sér stað á vettvangi skipulagsins vegna Vatnsmýrartillagnanna, frá títt nefndum skotum og þar hafa menn verið að vinna til dæmis ákveðna randbyggð í samræmi við vinningstillöguna hans á Valssvæðinu og verið gerðar mjög góðar breytingar á því svæði. Þannig að það má segja að allar áætlanir sem að eru í vinnslu á jöðrum Vatnsmýrarinnar séu til þess fallnar að þar geti blómstrað öflug atvinnustarfsemi og þekkingarþorpsstarfsemi. Og síðan er auðvitað það verkefni sem bíður okkar allra að sjá til þess að Reykjavíkurborg fái það sem að Reykjavíkurborg ber í samskiptum í samgönguyfirvöld um makaskipti á lóð. Það hefur tekið langan tíma að ljúka því með samgönguráðuneytinu, en það hillir nú vonandi undir einhver lok í því.

Þannig að ég ætla að leggja til hæstvirtur forseti, vegna þess að tillagan er dálítið dreifð í hugsun, sem er ekkert verra, en ég ætla að leggja til vegna þess og til þess að þetta fari nú allt á rétta og markvissa staði, að tillögunni verði að þessu sinni vísað til meðferðar borgarráðs, sem að síðan svo vísi einstaka þáttum hennar til fagraða ef þurfa þykir. En ég minni líka á að málið er til meðferðar í borgarráði og var frestað á síðasta fundi.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og leggur fram tillögu um að máli þessu verði vísað til meðferðar borgarráðs. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar um eflingu þekkingarþorps og háskólatengdrar starfsemi í Vatnsmýri

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég útaf fyrir sig þakka fyrir þessi viðbrögð, en vil þó brýna borgarstjóra og borgarstjórn alla, að þó að hér séu ekki allir koppar og kistur fullar fjár og bíða eftir því að byggja fermetra sem slagur er um að fylla af blómlegum fyrirtækjum og rannsóknum, þá er þetta einmitt tíminn til þess að horfa til framtíðar og huga að því hvernig þetta svæði geti orðið aðdráttarafl fyrir einmitt fé, fólk og fyrirtæki. Og þess vegna held ég að það sé ekki tilefni til þess að vera með einhvern seming í þessu, heldur einmitt að setja mikinn kraft í þessi mál og virkja skólana og spítalann til þess að hugsa út fyrir veggja sína, hugsa um samfélagslegan þátt í uppbyggingu sinni og hvernig hægt er að flétta þá hugsun saman við skipulag svæðisins í heild.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá er tekin fyrir tillaga um að vísa tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar um eflingu þekkingarþorps og háskólatengdrar starfsemi í Vatnsmýrinni til meðferðar borgarráðs. Og þeir sem styðja þá tillögu gefi merki. Það er samþykkt einróma.